

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um lögheimilisskilyrði laga um gjaldþrotaskipti.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hver eru rökin fyrir því að einstaklingar þurfi að hafa lögheimili á Íslandi til að geta leitað gjaldþrotaskipta á eigin búi, sbr. 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.?
2. Telur ráðherra umrætt skilyrði samræmast meginreglum EES-samningsins um frjálsa för vinnuafls og samræmingu á sameiginlega markaðnum?
3. Telur ráðherra koma til greina að leggja til breytingar á lögunum svo að Íslendingar sem búsettir eru erlendis geti leitað gjaldþrotaskipta á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.